

## IV. ÝMIS ÁKVÆÐI.

1. Hafi gjald fyrir raforku eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið, skal taka gjald fyrir endurofnun veitunnar kr. 2500.00. Ennfremur skal sama gjald tekið ef farið er á stað til lokunar, jafnvel þótt lokun sé ekki framkvæmd.
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg vör eða of stór, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún ekki endurofnuð fyrir en notandinn hefir greitt gjald til rafveitunnar kr. 3000.00 og sett viðeigandi vör.
3. Söluskattur 20% er innifalinn í upphæðum gjalda þeirra, sem um ræðir í gjaldskrá þessari, að undanteknum D-liðum.
4. Verðjöfnunargjald 13% samkvæmt lögum um verðjöfnunargjald af raforku, er innifalið í gjöldum þeim, sem um ræðir í gjaldskrá þessari, að undanteknum D-liðum.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orku- lögum nr. 58 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að öðlast gildi frá og með 15. febrúar 1979 samanber auglýsingu ráðuneytisins nr. 84/1979 um hækkun smásölu- verðs raforku.

*Iðnaðarráðuneytið, 1. mars 1979.*

F. h. r.

Páll Flygenring.

*Kristmundur Halldórsson.*

## REGLUGERÐ

## um möskvastærðir botnvörpu og flotvörpu.

## 1. gr.

Lágmarksstærð möskva í a. m. k. 8 öftustu metrum botnvörpu og flotvörpu skal vera 155 mm sbr. þó 7. gr. B-lið, 2. mgr.

Lágmarksstærð möskva í öðrum hlutum botnvörpu og flotvörpu en í 1. mgr., greinir, skal vera 135 mm.

## 2. gr.

Drátt fyrir ákvæði 1. mgr. 1. gr. er skipum, sem stunda karfaveiðar, heimilt að nota riðil með lágmarksmöskvastærðinni 135 mm í þeim hlutum botnvörpu eða flotvörpu, sem þar greinir, á eftirgreindum svæðum:

- a. Á svæði fyrir Vestur- og Suðurlandi utan línu, sem dregin er 310° réttvísandi frá stað 66°00'0 n.br., 25°15'0 v.lgd., og utan línu, sem dregin er frá stað 66°00'0 n.br., 25°15'0 v.lgd., í stað 64°53'0 n.br., 25°15'0 v.lgd. og þaðan í 90° réttvísandi í stað í 12 sjómílna fjarlægð frá grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 299/1975, síðan í 12 sjómílna fjarlægð frá grunnlínu suður og austur um að 19°50'0 v.lgd. þaðan í stað 63°06'0 n.br., 18°00'0 v.lgd. síðan í 65° réttvísandi að 10°00'0 v.lgd. og þaðan 90 réttvísandi út að mörkum fiskveiðilandhelginnar.
- b. Á tímabilinu 1. september til 31. desember á svæði milli 18°00'0 v.lgd. og 21°00'0 v.lgd. Að norðan markast svæðið af línu, sem dregin er 6 sjómíllur utan við grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 299/1975.

## 3. gr.

Lágmarksstærð möskva humarvörpu skal vera 80 mm.

## 4. gr.

Lágmarksmöskvastærð rækjuvarpna skal vera:

- a. Í tveggja byrða vörpum skal lágmarksmöskvastærð vængja og miðnets vera 55 mm, en 36 mm í öðrum hlutum vörpunnar.
- b. Í vörpum, sem hafa fjögur eða fleiri byrði, skal lágmarksmöskvastærð vængja aftur að fremsta horni efra byrðis vera 45 mm, en 36 mm í öðrum hlutum rækjuvörpunnar.

## 5. gr.

Lágmarksstærð möskva botnvörpu og flotvörpu, sem notuð er til þess að veiða spærling, loðnu, kolmunna og ískóð, skal vera 16 mm.

## 6. gr.

Þegar möskvi er mældur, skal hann teygður horna á milli eftir lengd netsins. Skal þá flöt mælistika, sem er jafnbreið leyfilegri lágmarksmöskvastærð (sbr. 1.—5. gr.) og 2 mm þykk, komast auðveldlega í gegnum möskvann. Netið skal mælt vott.

## 7. gr.

Við veiðar er óheimilt að nota nokkurn þann útbúnað, sem þrengir, herpir eða lokar á nokkurn hátt möskvum þeim, sem lýst er í 1.—5. gr. reglugerðar þessarar. Þó er heimilt:

- a. Að festa undir allt að 18 öftustu metra botnvörpu net eða annað efni í því skyni að forða eða draga úr sliti. Slitvarar þessir skulu aðeins festir að framan og á hliðunum við vörpuna.
- b. Að festa styrktarnet úr sama efni og varpan er gerð úr við allt að 18 öftustu metra efra byrðis botnvörpu og efra og neðra byrðis flotvörpu. Möskvastærð styrktarnetsins skal vera rúmlega tvöfalt stærri en möskvastærð vörpunnar þar sem styrktarnetið er fest við, og skal styrktarnetið fest við vörpuna að framan, á hliðunum og að aftan þannig, að hver möskvi styrktarnetsins falli saman við fjóra möskva vörpunnar. Óheimilt er að nota meira en eitt byrði af slíku styrktarneti til klæðningar.

Séu veiðar stundaðar á svæðum, þar sem aðeins er heimilt að nota riðil með lágmarksmöskvastærðinni 155 mm sbr. 1. og 2. gr., er aðeins heimilt að festa slík styrktarnet við þann hluta poka og belgs, sem gerður er úr riðli með lágmarksmöskvastærðinni 155 mm.

- c. Að nota þenslugjarðir á allt að 18 öftustu metra botnvörpu og flotvörpu. Bil milli gjarða skal vera minnst 1.80 metri og skal lengd gjarða vera eigi styttri en 45/100 af strengdri lengd netsins á þeim stað, sem gjörðin er.
- d. Að hafa í poka botnvörpu steinamottu eða húð til hlífðar neti fyrir grjóti, enda séu þessar hlífar ekki stærri en tveir fermetrar alls í hverri botnvörpu.

## 8. gr.

Við veiðar með botnvörpum og flotvörpum samkvæmt 4. og 5. gr. er heimilt að nota styrktarpoka utan um pokann sjálfan. Lágmarksmöskvastærð slíks styrktarpoka skal vera 80 mm sbr. 6. gr.

## 9. gr.

Eigi ná ákvæði þessarar reglugerðar til fiskveiða í þágu vísindalegra rannsókna.

## 10. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands eða laga nr. 34 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands. Um upptöku afla fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 32 19. maí 1976, um upptöku ólöglegs sjávar-  
afla.

## 11. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 34 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands, öðlast gildi 1. apríl 1979, og birtist til eftirbreytni þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 327 4. september 1978, um möskvastærðir botnvörpu og flotvörpu.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 5. mars 1979.*

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

*Jón B. Jónasson.*

## REGLUGERÐ

### um vegabréf utanríkisráðuneytisins.

## 1. gr.

Utanríkisráðuneytið gefur út tvenns konar vegabréf, diplómísk vegabréf og sérstök vegabréf.

## 2. gr.

Í vegabréfum utanríkisráðuneytisins skal greina fullt nafn vegabréfshafa, stöðu, fæðingardag og -ár, fæðingarstað, heimilisfang, hæð, háralit og augnalit.

Í vegabréf skal enn fremur festa nýlega ljósmynd af vegabréfshafa, og skal setja á hana embættisinnsgli ráðuneytisins þannig að nokkur hluti innsiglisins komi fram á myndinni, en nokkur hluti utan hennar.

Taka skal fram í vegabréfi til hve langs tíma það skuli gilda.

Vegabréfshafi skal rita nafn sitt í vegabréfið með eigin hendi undir ljósmynd. Rita skal útgáfudag vegabréfs, undirrita það og stimpla með embættisstimpli ráðuneytisins.

## 3. gr.

Ráðuneytið skal halda sérstakar skrár yfir öll vegabréf, sem það gefur út, aðra yfir diplómísk vegabréf, hina yfir sérstök vegabréf. Skal þar skrá allar hinar sömu upplýsingar um vegabréfshafa og settar hafa verið í vegabréfið og auk þess festa ljósmynd af vegabréfshafa.

## 4. gr.

Þessir aðilar einir fá diplómísk vegabréf, enda séu þeir íslenskir ríkisborgarar:

1. Forseti Íslands.
2. Fyrrverandi forsetar Íslands.
3. Nánustu fylgdarmenn forseta Íslands, er þeir eru í fylgd með forseta.